



Ársskýrsla 2000





Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|------|
| Fyrstu árin eftir sameiningu | 2 |
| Framkvæmdastjórn ÍSÍ | 3 |
| Íþróttamiðstöðin í Laugardal . . . | 3 |
| Frestun íþróttabings | 4 |
| Skipurit ÍSÍ | 4 |
| Skrifstofa ÍSÍ | 5 |
| Erlend samskipti | 6 |
| Nýtt merki ÍSÍ | 6 |
| Útgáfa Íþróttablaðsins | 7 |
| Íþróttamiðstöðin á Laugarvatni . | 7 |
| Hótelrekstur lagður niður | 7 |
| Íþróttahátíð ÍSÍ | 8 |
| Ný íþróttalög | 9 |
| Verkefnasjóður ÍSÍ | 9 |
| Tölvu- og skráningarmál | 9 |
| Íþróttamannafnd | 9 |
| Afreksmannasjóður ÍSÍ | 10 |
| Styrkir hins opinbera | 11 |
| Heilbrigðisráð ÍSÍ | 12 |
| Nýjar íþróttir | 12 |
| Ólympíufjölskylda ÍSÍ | 13 |
| ÍSÍ/UMFÍ | 13 |
| Skipan íþróttahéraða | 14 |
| Hagræðing í fyrirtækjum íþróttahreyfingarinnar | 14 |
| Vetrarólympíuleikarnir í Nagano 1998 | 15 |
| Vetrarleikar Ólympíudagar Evrópuæskunnar 1999 | 15 |
| Ólympíudagar Evrópuæskunnar . | 16 |
| Samvinna við KHÍ | 16 |
| Smáþjóðaleikar 1999 | 17 |
| Sydney 2000 | 18 |
| Vetrarleikar Ólympíudagar | 18 |
| Sumarleikar Ólympíudagar Evrópuæskunnar 2001 | 19 |
| Smáþjóðaleikar 2001 | 19 |
| Formannafundur ÍSÍ | 20 |
| Íþróttanefndir ÍSÍ | 20 |
| Ráðstefnur/Málþing | 20 |
| Útgáfumál | 21 |
| Stefna í barna- og unglingsíþr. . . | 21 |
| Ólympíuakademían | 22 |
| Ný stefna í þjálfarmenntun | 22 |
| Lagamál | 22 |
| Íþróttir aldraðra | 23 |
| Menntun þjálfara og leiðtoga . . . | 23 |
| Samstarf við ÍFA - Stofnun Almenningsviðs ÍSÍ . . . | 24 |
| Samþættingarverkefni | 24 |
| Gæðaviðurkenningar | 24 |
| Kvennahlaup ÍSÍ - 10 ára | 25 |
| Norræn Íþrótt- og menningarhátíð | 25 |
| Tölfræðiupplýsingar frá ÍSÍ | 26 |
| Ársreikningar | 29 |

Íþróttir á nýrri öld



Á fyrsta íþróttáþingi nýrrar aldar er rétt að staldra við og huga að framtíð íþróttanna, stöðu þeirra og markmiðum. Munurinn á viðhorfum, viðmiðunum og viðgangi íþróttanna

er allt annar heldur en í upphafi aldarinnar, þegar almenn íþróttaiðkun ruddi sér braut. Þá og allt fram eftir öldinni voru íþróttir einangraðar af hinum fáu, sterku og hraustu, og samanburðurinn var næsta oftast við þá eina, sem iðkuðu íþróttir hér heima. Héraðsmót voru hápunktur keppnistímabilanna.

Undir lok aldarinnar hafa þær breytingar verið mestar, að íþróttir og íþróttarángur er metinn á alþjóðamælikvarða. Íþróttaleikir eru aðdráttarafli sjónvarpsstöðva og tugþúsunda áhorfenda. Íþróttafélög eru að breytast í hlutafélög, íþróttirnar sjálfar eru hluti af skemmtanaiðnaði og íþróttafólk þiggur fé og öðlast frægð og frama, þegar vel gengur. Þeim forystumönnum, félagsmönnum og þjálfurum fækkar óðum, sem sinna þessum störfum endurgjaldslaut. Almenningsíþróttir hafa vaxið af vinsældum og nú eru það ekki lengur hin útvöldu hreystimenni sem klæðast íþróttagallanum. Nú telur annar hver maður sjálfsgagt að hreyfa sig, æfa, leika sér og bæta heilsu sína með einhverskonar líkamsrækt.

Þessi þróun hefur auðvitað haft áhrif á hina skipulögðu íþróttahreyfingu sem hefur reynt að aðlagast henni. Það var gert með sameiningu ÍSÍ og Ólympíunefndar Íslands, það hefur gerst með stofnun rekstrarfélaga um einstakar íþróttadeildir, með stóru auknum alþjóðlegum samskiptum, með styrkjum og greiðslum til einstakra íþróttamanna, með kröfum um meiri þjálfarmenntun, með bættri aðstöðu til íþróttaiðkunar barna jafnt sem almennings o.s.frv.

Allt kostar þetta peninga og allt kallar þetta á endurskoðun á innra starfi íþróttafélaganna. Hvernig eigum við að viðhalda metnaði til að vinna afrek og hvernig getum við komið til móts við þarfir barna, unglinga, almennings og

minnihlutahópa, s.s. fatlaða og aldraða? Hvernig getum við fengið fólk til sjálfbodaliðastarfa í þessu breytta umhverfi? Hvernig geta einstök íþróttafélag lifað af og komið til móts við vaxandi kröfur samfélagsins?

Á nýrri öld blasa tvö verkefni við. Annarsvegar að gera okkur áfram kleift að vera samkeppnishæf á alþjóðavettvangi, eignast afreksfólk í íþróttum, sem getur orðið landi og þjóð til sóma. Miðað við þá umfjöllun og þær vinnisældir sem íþróttir njóta í fjölmiðlaheiminum, er fátt sem jafnast á við þá góðu auglýsingu og landkyrningu, að eiga íþróttafólk í fremstu röð.

Hinsvegar er það hlutverk okkar að breiða út íþróttaiðkun í nafni bættrar heilsu, hollrar hreyfingar og líkamlegrar áreynslu. Almenningsíþróttir eru og eiga að vera jafnþýðingarmikill liður í starfsemi íþróttahreyfingarinnar og keppnisíþróttirnar.

Það er mitt mat, að hin skipulagða íþróttahreyfing, undir merkjum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, eigi að annast innra starf, móta afreksstefnu og efla útbreiðslu, í samvinnu við sérsambönd, íþróttabandalög og einstök íþróttafélög. Þar er grasróttin, áhuginn og þekkingin.

Á hinn bóginn er deginum ljósara að þessu hlutverki getur íþróttahreyfingin ekki sinnt, nema samfélagið allt, hafi skilning á því að kostnaðinum verður að deila meðal fleiri en þeirra einna, sem sinna félagsstörfum innan hreyfingarinnar.

Fjármagn innan íslenskrar íþróttahreyfingar er smátt í sniðum og raunar sniðið að því einu að halda félögum gangandi upp á gamla móðinn. Ef þjóðfélagið og þegnar þess fallast á gildi íþróttar, jafnt sem landkyrningu, heilsurækt og jákvætt uppeldistarf, þá er það þeirra að koma íþróttahreyfingunni til fulltingis.

Það er okkar verk, í upphafi nýrrar aldar, að hasla íþróttunum völl á breyttum forsendum breyttra aðstæðna.

*Ellert B Schram
Forseti ÍSÍ*



Fulltrúar á 1. þingi Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Fyrstu árin eftir sameiningu

Íþróttasamband Íslands og Ólympíu-nefnd Íslands voru sameinuð í ein samtök; Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, á aðalfundum þessara samtaka sem haldnir voru sunnudaginn 28. september 1997. Fyrsta þing Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands var haldið 1. nóvember 1997. Þingið sóttu hátt í þrjú hundruð manns, þar af voru 216 þingfulltrúar. Fjöldi gesta var við setningu

þingsins, m.a. forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, menntamálaráðherra Björn Bjarnason og Heiðursforseti ÍSÍ Gísli Halldórsson. Málefnalegar umræður og samstaða einkenndu þingið.

Í upphafi starfstíma síns lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ áherslu á endurskipulagningu starfsins og rekstrarlega hagræðingu. Tekið var í notkun nýtt skipurit fyrir samtökin, nefndarstarf var endur-

skoðað og nefndum fækkað, reglugerðir voru endurskoðaðar ásamt ýmsum stefnumálum, sem síðar verður gerð grein fyrir í skýrslunni. Allt með það að markmiði að bæta starfsemi ÍSÍ í þágu íþróttanna í landinu. Næstu tvö árin í rekstri ÍSÍ verður lögð áhersla á áframhaldandi skipulagningu og þróun starfseminnar.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 1. þingi ÍSÍ sem haldið var á Grand Hótel Reykjavík 1.- 2. nóvember 1997 voru eftirtaldir kjörnir í framkvæmdastjórn:

Forseti:

Ellert B. Schram

Auk hans voru kjörin í stjórn:

Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Benedikt Geirsson, Unnur Stefánsdóttir, Sigmundur Þórisson, Örn Andrés-son, Hildur Haraldsdóttir, Friðjón B. Friðjónsson, Hafsteinn Pálsson og Ágúst Ásgeirsson.

Í varastjórn voru kjörin:

Björg Blöndal, Birgir Guðjónsson og Ingólfur Freysson.

Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar skiptu stjórnarmenn með sér verkum þannig að Sigríður Jónsdóttir tók við embætti varaforseta, Benedikt Geirsson tók við embætti ritara og Friðjón B. Friðjónsson tók við embætti gjaldkera.



Framkvæmdastjórn ÍSÍ og framkvæmdastjóri: Neðri röð frá vinstri: Björg Blöndal, Unnur Stefánsdóttir, Ellert B. Schram, Sigríður Jónsdóttir, Helga Magnúsdóttir og Hildur Haraldsdóttir. Efri röð frá vinstri: Stefán Konráðsson, Örn Andrés-son, Birgir Guðjónsson, Hafsteinn Pálsson, Friðjón B. Friðjónsson, Ágúst Ásgeirsson og Benedikt Geirsson. Á myndina vantar Sigmundur Þórisson og Ingólfur Freysson.

Stjórnin hefur haldið 31 framkvæmdastjórnarfund. Þá hefur framkvæmdaráð, þar sem í sitja forseti, varaforseti, ritari,

gjaldkeri og framkvæmdastjóri, haldið 42 fundi á milli funda framkvæmdastjórnar.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal



Mikil starfsemi fer fram í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal. Auk starfsemi ÍSÍ, sér-sambandanna, ÍBR og UMSK, eru Íslenskar getraunir og Íslensk getsþá með starfsemi í miðstöðinni. Þá bauð ÍSÍ

Landssambandi íslenskra akstursíþróttafélaga aðsetur í Íþróttamiðstöðinni en akstursíþróttamenn stefna að því að verða sér-samband innan ÍSÍ á næstu tveimur árum. Jafnframt leigja nokkrir aðilar

aðstöðu fyrir starfsemi sína í Íþróttamiðstöðinni. Þar ber hæst tölvufyrirtækið Álit ehf, sem hefur verið í miklum og góðum samskiptum við íþróttahreyfinguna, ferðaskrifstofuna ÍT-ferðir og verkfræðiskrifstofur sem leigja húsnæði hjá ÍBR, svo og Guðbrandur Einarsson nuddari. Húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar er nú fullnýtt í útleigu til ofangreindra aðila. Þannig má segja að ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ um að leggja niður Sport-Hótel ÍSÍ í lok árs 1998 hafi verið af hinu góða. Húsnæðisvandi margra aðila leystist við þá ákvörðun. Ekki var gert ráð fyrir slíkum breytingum í fjárhagsáætlunum Íþróttþings en kostnaður við breytingarnar varð verulegur. Á næstu tveimur árum er nauðsynlegt að gera frekari endurbætur á Íþróttamiðstöðinni, sérstaklega eru þakviðgerðir aðkallandi, svo og endurnýjun skólplagna sem liggja undir gömlu húsunum.

Frestun íþróttapings

Á s.l. ári kom upp sú hugmynd í framkvæmdastjórn ÍSÍ að fresta íþróttapingi fram yfir áramót og halda það í marsmánuði.

Rökin voru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að á íþróttapingi í nóvember 1999 væri ekki hægt að leggja fram reikninga fyrir almanaksárið 1999, sem þýddi í raun að íþróttaping fengi ekki neinar upplýsingar um rekstur og fjárhagslega stöðu ÍSÍ síðustu ellefu mánuði starfsársins. Slík vinnubrögð tilheyra fortíðinni, enda eru gerðar kröfur til þess að reikningar séu aðgengilegir og gegnsæir um þá starfsemi sem fram fer í viðkomandi stofnun eða samtökum.

Í öðru lagi að tengja íþróttaping þeirri íþróttahátíð sem til stendur að halda á Akureyri, með vísan til þess að búið var að samþykka að þingið yrði haldið fyrir norðan. Þingfulltrúum og forystumönnum gæfist þannig tækifæri til að mæta og fylgjast með hluta hátíðarinnar og enn fremur myndi íþróttaping komast í kastljós fjölmiðla, ef og þegar íþróttahátíð og íþróttaping rynni saman í eitt.


Þar sem frestun þingsins stangast á við lög sambandsins, var ákveðið að leita álits hreyfingarinnar á henni. Það var gert með bréfi dags. 2. mars '99. Aðeins ein skrifleg mótmæli bárust. Mörg svör bárust hinsvegar sem voru hlynnt frestun.

Á formannafundi í apríl 1999, var spurð fyrir um afstöðu fundarmanna, og aftur komu aðeins fram mótmæli frá einum sambandsaðila, þeim sama, og áður.

Á fundi framkvæmdastjórnar 27. ágúst s.l. var frestun þingsins ákveðin til 24. til 26. mars.

Á íþróttapinginun mun framkvæmdastjórn leggja fram tillögu til lagabreytingar, sem felur í sér að íþróttaping verði framvegis haldin á tímabilinu febrúar — apríl annað hvert ár.

Innra skipulag ÍSÍ



Skipurit ÍSÍ

Framkvæmdastjórn ÍSÍ tók nýtt skipurit í notkun í upphafi starfstíma síns. Skipuritið tók mið af skýrslu sem lögð var fram og samþykkt á Íþróttapingi um skipulag ÍSÍ. Í skýrslunni var lögð áhersla á að ÍSÍ starfaði á þremur sviðum, þ.e. Afreksiþróttasviði, Fræðslusviði og Almenningsíþróttasviði. Þar sem ÍFA hefur stöðu sem almenningsíþróttasamband innan íþróttahreyfingarinnar,

var ákveðið að biða með að setja á stofn Almenningsíþróttasvið. Á árinu 1999 áttu sér stað viðræður milli ÍFA og ÍSÍ um endurskipulagningu á starfsemi ÍFA og stofnun Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Með því að snúa bókum saman og hafa sameiginlegan starfsmann telja ÍSÍ og ÍFA sig vera að treysta grundvöll almenningsíþróttastarfs á Íslandi

Skrifstofa ÍSÍ í Reykjavík og á Akureyri

Skrifstofa heildarsamtaka íþróttanna er afar mikilvægur liður í starfsemi þeirra. ÍSÍ rekur öfluga skrifstofu sem starfar á þremur sviðum, eins og fram hefur komið. Lögð er áhersla á skilvirkni og góða þjónustu við sambandsaðila. Álag á skrifstofu hefur aukist verulega við sameiningu því að ekki hefur verið fjölgað á skrifstofunni á starfstímanum. Eitt af markmiðum sameiningar ÍSÍ og ÓÍ var að efla afreksstarfið annarsvegar og fræðslu- og útbreiðslustarfsemi hinsvegar. Ákveðið var að gera tilraun í samstarfi við Akureyrarbæ að setja á stofn skrifstofu ÍSÍ á Akureyri. Markmiðið með skrifstofunni er að efla útbreiðslu- og þróunarstarf íþrótt- og ungmennafélaga á Norður- og Austurlandi, ásamt því að efla tengsl ÍSÍ við grasrótina. Þá mun starfsmaður ÍSÍ á Akureyri sinna átaksverkefnum á svæðinu, efla tengsl sérsambanda við svæðin og framkvæma stefnu ÍSÍ í ýmsum málaflokkum.

Starfsmenn ÍSÍ eru:

Stefán Snær Konráðsson framkvæmdastjóri,
Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri,
Líney Rut Halldórsdóttir sviðstjóri
Afreksíþróttasviðs,
Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri
Fræðslu- og útbreiðslusviðs,
Arngrímur Viðar Ásgeirsson sviðsstjóri
Almenningsíþróttasviðs,
Steinunn A.I. Tómasdóttir
gjaldkeri/bókari,
Berglind Guðmundsdóttir ritari,
Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ á Akureyri.

Þá starfar Gylfi Gröndal sem verkefnisstjóri í átaksverkefni ÍSÍ og Menntamálaráðuneytisins um samþættingu í íþróttastarfi.



Við opnun skrifstofu ÍSÍ á Akureyri: Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ á Akureyri, Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri og Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ.



Starfsfólk á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík: Efri röð f. v.: Kristinn J. Reimarsson, Arngrímur Viðar Ásgeirsson og Stefán Konráðsson. Neðri röð f. v.: Berglind Guðmundsdóttir, Líney Rut Halldórsdóttir, Halla Kjartansdóttir og Steinunn A.I. Tómasdóttir.

Erlend samskipti



Juan Antonio Samaranch forseti IOC og Ellert B. Schram forseti ÍSÍ ræða saman á Vetrarólympíuleikunum í Nagano.



Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ og Guðjón Guðmundsson formaður Íþróttanefndar ríkisins á ráðherra fundi Evrópu á Kypur 1998.

Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands annast alþjóðleg samskipti við fjölmörg alþjóðasamtök á sviði íþróttanna. Þar eru helst, IOC, Alþjóðaólympíunefndin, EOC, samtök evrópskra ólympíunefnda, ANOC, alheimssamtök ólympíunefnda, ENGSO, samtök íþróttasambanda, sem ekki eru ríkisrekin, CDDS, íþróttanefnd Evrópuráðsins, ESC, samtök sem halda

árlega málþing um íþróttir í Evrópu og þróun þeirra og Fælleskomiteen, árlegur samráðsfundur forystumanna íþróttasambanda og ólympíunefnda Norðurlandanna.

Þing þessara samtaka eru sótt af fulltrúum ÍSÍ, svo og margvíslegir samráðsfundir, ráðstefnur, vinnufundir og málþing um einstök málefni, s.s. í kvenna-í-

þróttum, lyfjaeftirlitsmálum, þjálfaramenntun, Norræna menningarsjóðnum, tölvu- og tæknimálum o.s.frv.

Ennfremur tekur ÍSÍ þátt í störfum og stjórn Smáþjóðaleikanna og sækir fundi sem snerta þátttöku okkar í Ólympíuleikum.

Fjórir fulltrúar ÍSÍ eiga sæti í alþjóðanefndum.

Nýtt merki ÍSÍ

Eitt af fyrstu verkum nýrrar framkvæmdastjórnar var að láta hana tilögur að nýju merki ÍSÍ í samræmi við bráðabirgðarákvæði í nýjum lögum ÍSÍ. Tillaga Björns Jónssonar auglýsingateiknara á Íslensku auglýsingastofnunni var valin. Aðaluppistaðan í merkinu er eldurinn, eldfjallið og Ólympíuhringirnir. Eldurinn er tákn fyrir eldgos, kraft og hinn olympíska eld og fjallið er í fánalitunum. Merki ÍSÍ er þjóðlegt og alþjóðlegt í senn og hefur verið afar vel tekið bæði hér heima og erlendis. Alþjóða Ólympíunefndin samþykkti merkið í byrjun árs árið 1998. Á Íþróttþingi er lögð fram tillaga varðandi þetta nýja merki.

Samhliða hönnun á nýju merki, hefur ÍSÍ látið hana ýmislegt kynningarefni sem dreift hefur verið innan íþrotta-hreyfingarinnar þar sem lögð hefur verið áhersla á hið nýja merki. Þá hefur ÍSÍ



Ellert B. Schram forseti ÍSÍ og Björn Jónsson auglýsingateiknari afhjúpa hið nýja merki íþrotta-hreyfingarinnar.

látið framleiða fána sem sendir hafa verið í öll íþróttamannvirki á Íslandi og

þess óskað að þeir fái að blakta við hún við hátíðleg tækifæri og mótahald.

Útgáfa Íþróttablaðsins



Á sínum tíma gaf ÍSÍ út Íþróttablaðið. Sú útgáfa var kostnaðarsöm og réði því að gerður var útgáfusamningur við Fróða h.f., sem stóð í mörg ár, þar til á árinu 1997, að Fróði sagði þeim samningi upp og hætti útgáfu Íþróttablaðs.

Á þessu og síðasta ári, hefur ÍSÍ gripið til þess ráðs, að gefa út sérstakt aukablað með Morgunblaðinu, samtals fjórum sinnum, undir heitinu Íþróttablaðið, þar sem greint er frá innra starfi hreyfingarinnar, helstu verkefnum sambandsaðila og ÍSÍ og vakin athygli á ýmsum þeim þáttum íþróttastarfsins sem alla jafna er ekki fjallað um í fjölmiðlum.

Þessi útgáfa hefur að mestu staðið undir sér með auglýsingum. Hér hefur verið um hálfgerða tilraunastarfsemi að ræða og tíminn og ákvarðanir næstu stjórnar skera úr um framhaldið.

Flest önnur erlend og hliðstæð íþróttasambönd gefa út málöggn og fréttatímarit, enda þykir það eðlilegt og nauðsynlegt, hjá svo viðfeðnum og fjölbreytilegum samtökum, enda er þá ekki heldur verið að standa í samkeppni um íþróttaréttir og úrslit, gagnvart fjölmiðlum, sem sinna því hlutverki mjög vel, hér sem annars staðar.

Íþróttamiðstöðin á Laugarvatni

ÍSÍ hefur á undanförunum árum rekið Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni. Reksturinn hefur verið erfiður. Afar erfið er að reka starfsemi sem þessa á ársgrundvelli. Með lækandi flugfargjöldum og auknum tilboðum erlendis frá standa íþróttahreyfingunni fleiri möguleikar til boða varðandi æfingabúðir og undirbúning fyrir keppni.

ÍSÍ og Menntamálaráðuneytið voru eigendur að heimavist Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni. Viðhaldi húseignarinnar hefur verið ábótavant og ÍSÍ óskaði eftir því við menntamálaráðuneytið að það keypti eignarhlut ÍSÍ í því mannvirki. Menntamálaráðuneytið tók þá ákvörðun árið 1999 að kaupa eignarhlut ÍSÍ fyrir 10 milljónir króna, þannig að rekstur Íþróttamiðstöðvar Íslands er alfarið á ábyrgð og í umsjón íþróttaskors KHÍ. Þetta fyrirkomulag hentar mun betur þar sem starfsemi KHÍ og rekstur sumarbúða fara ágætlega saman á ársgrundvelli.

Hótelrekstur lagður niður - kaffitería á félagslegum grunni

Eftir sameiningu ÍSÍ og ÓÍ gerði ÍSÍ ítarlega könnun á nýtingu íþróttahreyfingarinnar á Sport-Hóтели ÍSÍ. Niðurstaðan varð sú að íþróttahreyfingin nýtti afar illa hóтелиð en stærstu viðskiptavinirnir voru ferðaþjónustuaðilar. Í ljósi þessa og vegna mikillar eftirspurnar eftir húsnæði, var ákveðið að leggja niður hóтелиð um áramótin 1998 og 1999 og breyta húsnæðinu í skrifstofuádstöðu fyrir sambandsað-

ila ÍSÍ. Sú ákvörðun var að mati framkvæmdastjórnar, rétt því að húsnæðið er nýtt að fullu. Íþróttahreyfingin á að leggja áherslu á að sinna því starfi sem hún er best í, þ.e. íþróttastarfinu, en láta fagaðila um rekstur af þessu tagi.

Ákveðið var að reka áfram kaffiteríu ÍSÍ í tengslum við þá starfsemi sem er í fundarsölum og vegna starfsmanna í Íþróttamiðstöðinni. Sá rekstur er erfiður vegna

lítills umfangs og er þannig fyrst og fremst rekinn á félagslegum grunni. Fjármálaráð ÍSÍ hyggst þó kanna hvort að mögulegt sé að fá rekstraraðila til að sjá um rekstur kaffiteríunnar. Lausleg könnun var gerð síðastliðið sumar á þessu og kom þá í ljós að erfið getur reynst að fá rekstraraðila vegna þeirra skilyrða sem ÍSÍ setur varðandi sölu áfengra drykkja.

Íþróttahátíð ÍSÍ



Frá opunarhátíð Íþróttahátíðar ÍSÍ 1990.

ÍSÍ hefur ákveðið að halda Íþróttahátíð á þessu ári. Íþróttahátíðin hefur fest sig í sessi og er þetta í fjórða sinn sem hún er haldin en hátíðin var haldin fyrst árið 1970 og síðan á 10 ára fresti. ÍSÍ hefur skipað Íþróttahátíðarnefnd sem mun hafa yfirumsjón með hátíðinni. Að þessu sinni verður Íþróttahátíð með öðru sniði en síðustu þrjú skipti. Engin skrautsýning verður á Laugardalsvelli heldur verður lagt uppúr því að hvert héraðssamband/íþróttabandalag standi fyrir uppákomum í sínu héraði. Íþróttahátíðarnefnd ÍSÍ leggur áherslu á að verkefni séu á sviði fjölskyldu og almenningsíþróttar en að auki er hverjum og einum að sjálfsögðu frjálst að tilnefna þau verkefni er menn telja við hæfi innan síns héraðs. T.d. er hægt að tengja héraðsmót við-



komandi héraðssambands/íþróttabandalags við Íþróttahátíð ÍSÍ, svo og einhver almenningsíþróttaverkefni sem tengjast fjölskyldunni. Tilvalið er fyrir sambandsaðila er standa fyrir barna- og unglíngamótum að tengja þau við Íþróttahátíð. Íþróttahátíðarnefnd mun þó standa fyrir einum sérstökum Íþróttahátíðardegi í maí þar sem aðaláherslan verður lögð á fjöldaþátttöku fólks í almennri hreyfingu og heilbrigði og þá skiptir ekki máli hvort að fólk fer út að hlaupa eða einfaldlega í göngutúr. Íþróttahátíðarnefnd mun einnig setja af stað verkefni tengt leikskólum, skólum og íþróttum aldrada. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands leggur áherslu á að í hverju íþróttahéraði verði einhver verkefni framkvæmd í til efni Íþróttahátíðar.



Ný íþróttalög



Björn Bjarnason
menntamálaráðherra.

Í tíð Ólafs G. Einarssonar sem menntamálaráðherra var hafist handa um endurskoðun íþróttalaga. Frumvarp var samið og lagt fram en hlaut ekki afgreiðslu. Björn Bjarnason núverandi

menntamálaráðherra, fylgdi þessari endurskoðun eftir og lagði fram frumvarp til breytinga á gildandi íþróttalögum. Frumvarpinu var vísað til umsagnar ÍSÍ, sem gerði margvíslegar athugasemdir og sumar þeirra voru teknar til greina, aðrar ekki.

Frumvarpið var samþykkt sem lög í

júní 1998 og eldri íþróttalög numin úr gildi. Helstu breytingar frá fyrri lögum eru:

- Fulltrúum í nefndinni er fjölgað úr þrem í fimm og hlutverki nefndarinnar breytt.
- Verksvið íþróttasjóðs er rýmkað.
- Ákvæði er varða skólaíþróttir eru felld brott.
- Ríkinu er heimilað að standa að samningum um aðild ríkisins að íþróttamiðstöðvum.
- Felld eru á brott ýmis ákvæði er tengjast styrkveitingum, m.a. til íþróttamannvirkja.
- Embætti íþróttafulltrúa er felld niður.
- Skipting landsins í íþróttahéruð er ekki lengur í höndum íþróttanefndar heldur ÍSÍ og UMFÍ.

Tölvu- og skráningarmál

Mjög ör þróun hefur átt sér stað í tölvumálum íþróttahreyfingarinnar sem og annars staðar í þjóðfélaginu. Þáttaskil urðu í tölvumálum árið 1994, þegar ÍSÍ tók Sport-Fjölmi í notkun. Það kerfi hefur ekki staðist tímans tönn og vegna þessara öru breytinga ákvað framkvæmdastjórn að skípa nefnd í lok ársins 1999 sem taka á upp stöðuna og gera tillögur um framtíðarskref íþrótt- og ungmennahreyfingarinnar í tölvumálum. Internetið gegnir sífellt stærra hlutverki í daglegri starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga. Kostnaður hreyfingarinnar vegna tölvumála er hins vegar sívaxandi og finna verður leiðir til að lágmarka hann þannig að sem flestir geti nýtt sér kosti tölvutækninnar.

Verkefnasjóður ÍSÍ



Frá úthlutun þjálfarastyrkja ÍSÍ haustið 1999.

Verkefnasjóður ÍSÍ var stofnaður árið 1994 af framkvæmdastjórn ÍSÍ og hefur það markmið að styrkja sambandsaðila vegna sérverkefna sem miða að því að efla íþróttastarf í landinu. Sérstök reglugerð er til um sjóðinn. ÍSÍ tók upp þá nýbreytni

fyrir tveimur árum að auglýsa styrki til þjálfara til þess að þeir geti sótt sér menntun og kynningu á íþróttastarfi erlendis. Það er skemmst frá því að segja að þeirri nýbreytni hefur verið afar vel tekið.



Íþróttamanna- nefnd

Íþróttamannanefnd er ætlað að vera tengiliður á milli framkvæmdastjórnar ÍSÍ og virkra íþróttamanna. Helstu verkefni nefndarinnar er að huga að málefnum er varða íþróttamanninn og ÍSÍ m.a. í tengslum við Ólympíuleika.

Á starfstíma nefndarinnar var mikið fjallað um „líf eftir íþróttir“, lífeyrissjóðs gjöld og einnig möguleikana á að sameina nám og afreks-íþróttir.

Þessir málaflokkar voru kynntir fyrir þeirri nefnd sem vann að endurskoðun á afreksstefnu ÍSÍ.

Afreksmannasjóður ÍSÍ

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsemi Afreksmannasjóðs ÍSÍ frá síðasta Íþróttáþingi. Hæst ber tímamótasamningur við menntamálaráðuneytið, sem gerður var 1998 og gildir til ársins 2003. Með samningnum hefur ráðstöfunarfé sjóðsins í raun tvöfaldast, en fyrir voru einu tekjur sjóðsins hlutdeild í hagnaði ÍSÍ af lotto tekjum. Fyrstu greiðslur ríkisvaldsins komu til útborgunar í ársbyrjun 1999 og tók Guðjón Guðmundsson, alþingismaður, þá jafnframt sæti í stjórninni sem fulltrúi ríkisins. Hér sem annars staðar hefur Björn Bjarnason menntamálaráðherra, sýnt afreksfólki íslenskrar íþróttæsku stuðning sinn í verki, sem ber að þakka.

Í kjölfarið þessa samnings voru gerðar nokkrar breytingar á starfsreglum sjóðsins þar sem heimildir til styrkveitinga voru meðal annars rýmkaðar. Þá var ákveðið að stjórn Afreksmannasjóðs skyldi verða eftirlitsaðili með styrkjum Ólympíusamhjalparinnar.

Stjórn Afreksmannasjóðs fagnaði niðurstöðum vinnuhóps um stefnu ÍSÍ í afreksmálum og tók heilshugar undir þau sjónarmið, að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í



Geir H. Haarde, Ellert B. Schram og Björn Bjarnason undirrita tímamótasamning um stuðning við afreksíþróttir.

heiminum. Þessu til áréttingar lagði stjórn sjóðsins fram ábendingar varðandi skýrslu vinnuhópsins.

Á starfstímanum voru gerðir þrjú langtímasamningar til viðbótar við þá sem fyrir eru, þ.e. við þau Völu Flosadóttur stangastökkvara, Kristinn Björnsson skiðamann og Örn Arnarson sundmann. Fyrir voru Jón Arnar Magnússon

tugbrautarmaður og Guðrún Arnardóttir hlaupakona. Auk langtímasamninganna var fjöldi annara úthlutanna samþykktur, en í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit um styrkveitingar til sérsambandanna á undanförunum tíu árum.

Eftirfarandi styrkir hafa verið veittir úr Afreksmannasjóði ÍSÍ árin 1990–1999

Eftirfarandi styrkir hafa verið veittir úr Afreksmannasjóði ÍSÍ árin 1990–1999

Tölur í þús. króna

| Sérsamband | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | Samtals |
|------------|-------|-------|-------|--------|--------|--------|-------|--------|--------|--------|---------|
| FRÍ | 1.200 | 3.000 | 1.800 | 3.040 | 2.680 | 3.360 | 4.200 | 4.440 | 6.710 | 7.420 | 37.850 |
| HSÍ | | 250 | | 3.500 | 4.000 | 6.500 | | 6.000 | 3.000 | 3.100 | 26.350 |
| SSÍ | 300 | 760 | 1.320 | 400 | 720 | 400 | 625 | 1.580 | 1.220 | 2.620 | 9.945 |
| SKÍ | | 120 | 80 | 1.000 | 500 | 780 | 540 | 2.210 | 1.920 | 1.340 | 8.490 |
| JSÍ | 360 | 720 | 720 | 1.080 | 760 | 680 | 640 | 250 | 500 | 700 | 6.410 |
| BSÍ | | | 360 | 640 | 960 | 580 | 500 | | 0 | 0 | 3.040 |
| KSÍ | | | | 400 | 1.200 | | | | 500 | 1.000 | 3.100 |
| ÍF | | | | | | 620 | 338 | 500 | 500 | 1.000 | 2.958 |
| GSÍ | | | | 280 | 760 | | | 300 | 800 | 300 | 2.440 |
| FSÍ | | | | | 250 | | 500 | 480 | 680 | 1.180 | 3.090 |
| BTÍ | | | | | 200 | | | 600 | 300 | 300 | 1.400 |
| KKÍ | | 250 | | 400 | | | | | | 500 | 1.150 |
| HÍS | | | | | | | | | 300 | 300 | 600 |
| TSÍ | | | | | | | | | 300 | 300 | 600 |
| KAÍ | | | | | | | | 250 | 300 | 0 | 550 |
| SAMTALS | 1.860 | 5.100 | 4.280 | 10.740 | 12.030 | 12.920 | 7.343 | 16.610 | 17.030 | 20.060 | 107.973 |



Styrkir hins opinbera

Með breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, var hinum síðarnefndu falið að annast og bera kostnað af byggingu íþróttamannvirkja. Má fullyrða að sú breyting hafi verið íþróttahreyfingunni í landinu til góðs, enda hafa íþróttahús og vellir sprottið upp, víðsvegar um landið á undanförunum árum.

Sömuleiðis hafa einstök bæjarfélög veitt myndarlega styrki til íþróttafélaga heima í héraði, jafnt til reksturs íþróttastarfsins sjálfs og rekstur íþróttamannvirkja.

Á hinn bóginn er sárlega kvartað undan því í íþróttahreyfingunni að ríkisvaldið komið ekki til móts við starfsemi hennar og er þá einkum og sérilagi haft í huga, sívaxandi starfsemi sérsambanda og kröfur á hendur þeim um árangur og útbreiðslu í íþróttagreinum.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fer heldur ekki varhluta af takmörkuðum fjárframlögum hins opinbera í ljósi þeirrar staðreyndar að þeim fjólgar

stöðugt sem stunda íþróttir, fleiri íþróttagreinar bætast við á hverju ári, auknar kröfur eru gerðar um styrkveitingar af hálfu ÍSÍ til afreksmála og grasrótastarfs, til lyfjæftirlits, til stefnumótunar í hinum margvíslegu málaflokkum, forvörnum, barna- og unglingsíþróttum, almenningsíþróttum, heilbrigðismálum, alþjóðlegum samskiptum, kynningarstarfsemi o.s.frv.

Ríkisvaldinu til málsbóta skal tekið fram að nokkuð hefur áunnist á þessu sviði á kjörtímabilinu. Má þar nefna eftirfarandi: Ríkið hefur gert samning við ÍSÍ um árlegt framlag þess til afreksmannasjóðs til ársins 2003, 10 millj. kr. árlega. Almennur rekstrarstyrkur til ÍSÍ var á árinu 2000 hækkaður um 10 millj. kr. Alþingi styrkti HSÍ á fjárlögum um 14 millj. kr. árin 1997, 1998 og 1999. Glímusamband Íslands hefur fengið sérstakan styrk, nú upp á kr. 3.5 millj. ÍSÍ fékk sérstakan styrk frá ríkinu á fjárukalögum 1999 til að efla fræðslu og umfang lyfjæftir-

lits. Þá hefur ÍSÍ fengið sérstakan styrk vegna þátttöku í Ólympíuleikum.

Þá er auðvitað skylt að taka fram, sem ríkisvaldið hefur bent á, að starfsemi og rekstur Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna fer fram samkvæmt lögum frá Alþingi og með samþykki ríkisstjórna hverju sinni.

Íþróttaforstyan er þó á einu máli að hér sé ekki nóg að gert og á formannafundi ÍSÍ í nóvember s.l. var samþykkt að skipa sérstakan vinnuhóp til að leggja fram úrbætur og tillögur, sem lúta að því markmiði að fá verulegar hækkanir á styrkjum af hálfu ríkisins, með sérsamböndin og landsliðsmálin í huga. Vinnuhópurinn leggur fram ályktunartillögu á þessu þingi.

Heilbrigðisráð ÍSÍ

Við samruna ÓÍ og ÍSÍ varð Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands að setja í lög sín ákvæði að farið yrði að Heilbrigðisreglum Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC Medical Code) varðandi lyfjareglur og umönnun íþróttamanna. Innan ÍSÍ hefur þetta hlutverk verið falið Heilbrigðisráði ÍSÍ, sem tók við starfi Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ og Læknaráðs ÓÍ. Auðnaðist að fá flesta nefndarmenn til áframhaldandi starfa.

Læknaráð ÓÍ var upphaflega stofnað eftir að hafin voru námskeið í íþróttalæknisfræði að áeggjan Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC). IOC hefur ætlað sér að verða virkasta aflið í heiminum í íþróttalæknisfræði og hefur hvatt og styrkt aðildarnefndir í hverju landi til námskeiðahalds með 5000 dala framlagi til að kosta erlendan fyrirlesara. Jafnframt hefur IOC haldið Íþróttavísindaráðstefnu (Sport Science Congress) á tveggja ára fresti.

Námskeiðin eru haldin samkvæmt ákveðnu skipulagi og eru ætluð læknum, sjúkraþjálfurum, íþróttakennurum og þjálfurum. Námsefni hefur verið m.a. vísindaleg þjálfun, forvarnir, meðferð meiðsla, endurhæfing, næringarfræði og lyfjamisnotkun. Fjögur slík námskeið hafa verið haldin frá 1992, það síðasta undir merkjum Heilbrigðisráðs ÍSÍ árið 1998. Alls hafa um 300 einstaklingar tengst þeim sem kennarar og/eda þátttakendur. Ef að líkum lætur má búast við að styrkur fái til slíkra námskeiða á a.m.k. tveggja ára fresti.

Ólympíuhreyfingin stendur nú fyrir

8 mótum sem ÍSÍ tekur þátt í á Ólympíutímabilinu sem er 4 ár. Auk Sumar- og Vetrarólympíuleikanna eru á þessu tímabili tvisvar Smáþjóðaleikar, tvisvar Sumarleikar æskunnar og tvisvar Vetrarleikar æskunnar. Með þessum síðastnefndu gefst ungmennum undirbúningur til Ólympíuþátttöku. Læknaráð fyrrum ÓÍ nú Heilbrigðisráð ÍSÍ hefur verið ætlað að annast heilbrigðisþjónustu þeirra ungmenna sem taka þátt í þessum mótum. Viðamesta verkefnið voru Smáþjóðaleikarnir haldnir í Reykjavík árið 1997, þar sem um 90 sjálfbodaliðar úr ýmsum heilbrigðisstéttum sáu um heilbrigðisþjónustu fyrir þátttakendur og gesti.

Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ hafði starfað frá því snemma á 9. áratugnum og annast eftirlit og fræðslu um lyfjamál. Um 50 próf voru gerð á hverju ári. Stærstu verkefnið voru þó lyfjaeftirlit á stórmótun svo sem Heimsmeistaramótinu í handbolta 1995 og Smáþjóðaleikunum 1997 en þá þurfti nefndin að anna margfaldri ársvinnu á stuttum tíma. Slíkt á sér ekki hliðstæðu erlendis.

Lyfjaeftirlit og fræðsla er nú framkvæmd undir merkjum Heilbrigðisráðs ÍSÍ. Undanfarin ár hefur eftirlit aukist og s.l. ár voru framkvæmd 75 próf, þar af 66 á kostnað ÍSÍ en 9 að ósk annarra. Próf voru gerð í 14 mismunandi íþróttgreinum, þar af 10 í frjálsíþróttum, 8 í knattspyrnu, 7 í sundi, handknattleik og körfuknattleik, 6 í júdo og 2-4 í öðrum greinum. Eitt

jákvætt sýni fannst hjá íþróttamanni í lyftingum.

Heilbrigðisráðið á samstarf við Lyfjaeftirlitsnefndir Íþróttasambanda Norðurlanda og hittast þær árlega. Fulltrúi ráðsins situr einnig fundi Eftirlitshóps Evrópuráðsins (Monitoring group). Forseti ÍSÍ og formaður ráðsins sátu þing IOC í Lausanne þar sem samþykkt var stefnumótandi yfirlýsing um aukid eftirlit og ákveðnar refsingar. Þrátt fyrir slíkar yfirlýsingar hefur lyfjaeftirlit víða um heim átt á brattann að sækja vegna tíðra véfenginga með málaferlum. Heilbrigðisráð hefur reynt að fylgjast vel með allri þróun á þessum vettvangi.

Heilbrigðisráðið hefur annast viðamikla fræðslu um lyfjamál með útgáfu bæklinga sem voru vel kynntir í fjölmiðlum. Námskeið hafa verið haldin fyrir nýja lyfjatökumenn. Fyrirlestrar hafa verið haldnir árlega fyrir nemendur í Íþróttakennaraskóla Íslands um lyfjareglur íþróttahreyfingarinnar. Skólar hafa verið heimsóttir. Síðastliðinn vetur héldu nokkrir nefndarmenn fræðslufund á Akureyri fyrir ÍBA. Fyrirlestrar hafa nýlega verið haldnir bæði á Heimilislæknaþingi og fyrir lækna-nema.

Fyrrum starfsmaður ráðsins var Dr. Sigurður Magnússon líffræðingur sem nú hefur horfið til annarra starfa. Við starfi hans tók Pétur Magnússon lyfjafræðingur sem einnig situr í ráðinu. Annast hann nú daglegan rekstur og skipulag lyfjaeftirlits. Eitt mikilvægasta verk þeirra félaga var að taka saman lista yfir öll þau lyf sem hér eru á markaði og innihalda efni sem eru á bannlista og birta í Sérlyfjaskrá lækna ásamt nánari upplýsingum um lyfjaeftirlit. Sigurði eru þökkud ágæt störf og Pétur boðinn velkominn til starfa.

Má af þessu ráða að fræðsluhlutverk Heilbrigðisráðs er veigamikið og ráðið er í góðu sambandi við þá lykilhópa sem hafa nánasta snertingu við unga íþróttamenn.

Nýjar íþróttir


Sífelld er að bætast við í íþróttafloornu nýjar íþróttgreinar. Á undanförunum tveimur árum hefur framkvæmdastjórn ÍSÍ viðurkennt þrjár nýjar greinar; sportklifur, sviffflug og Jiu Jitsu.



Sviffflug.



Jiu Jitsu.



Klifur.



Ólympíufjölskylda ÍSÍ



Íþróttamenn ársins 1999.

Forystumenn ÍSÍ skrifuðu undir samning í febrúar 1998 við 5 stórfyrirtæki á Íslandi um stuðning við afreksíþróttastarf með sérstaka áherslu á þátttöku Íslands í Ólympíuleikunum í Sydney. Samstarfið gengur undir heitinu „Ólympíufjölskyldan“. Með samningunum er stigið skref í átt til þess að samræma stuðning stórfyrirtækja við íslenskar afreksíþróttir þannig að auðvelda megi undirbúning og framkvæmd stórra átaka á því sviði. Þessum samningum hefur verið afar vel tekið í íþróttahreyfingunni enda er um að ræða nýtt fjármagn til sársambanda ÍSÍ. Í

framhaldi af samningi við Ólympíufjölskylduna greip ÍSÍ til þeirrar nýjungar að bæta undirflokki í Ólympíufjölskylduna þar sem samið var við 5 fyrirtæki um svokallaða búnaðarsamninga sem nýtast í undirbúningi íþróttafólksins á Ólympíuleikunum í Sydney. Búnaðarsamningarnir eru mun lægri heldur en samningarnir við aðalstyrktaraðilana en nýtast engu að síður vel í undirbúningnum.

Íþrótt- og Ólympíusambandið þakkar þessum aðilum öllum ómetanlegan stuðning við íslenskt afreksíþróttafólk og vonar að samstarfið eigi eftir að eflast og dafna.



ÍSÍ/UMFÍ

Á síðasta íþróttþingi var samþykkt tillaga varðandi samstarf ÍSÍ og UMFÍ.

Í tillögunni segir m.a.:

„Fyrsta þing Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, haldið á Grand Hótel Reykjavík 1. og 2. nóvember 1997, Í ljósi þeirrar staðreyndar að málefni og verkefni UMFÍ á sviði íþróttamála tengjast og skarast við starf Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands með margvíslegum hætti og öllum er ljóst að bæði samtökin hafa sömu hugsjónir að leiðarljósi, býður ÍSÍ forystu UMFÍ til viðræðna um nánara samstarf, samvinnu og eftir atvikum sameiningu einstakra málaflokka.“

Forseti ÍSÍ hefur haft frumkvæði að því nokkrum sinnum á kjörtímabilinu að kalla til fundar og viðræðna við forystumenn UMFÍ þar sem á dagskrá hafa verið samráð, samvinna og hugsanleg sameining samtakanna. Skemmst er frá því að segja að forysta UMFÍ hefur ekki verið til viðræðu um sameiningu en samráð hafa verið höfð um einstök mál, s.s. um samvinnu Getrauna og Getspár, sem sagt er frá annars staðar í þessari skýrslu. Að öðru leyti hefur samstarf verið með eðlilegum hætti og vinsamlegum en lítið hefur áorkast til aukinnar samvinnu í einstökum málaflokkum.


Fyrir eða seinna verður íþróttahreyfingin þó að gera það upp við sig, hvort hún vilji að íþróttamálefni séu á könnu tveggja landssamtaka. Þess má geta að í verkefnaáætlun sem menntamálaráðherra hefur gefið út fyrir árið 1999 til 2003, segir á bls. 11: „Stuðlað verði að aukinni samvinnu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands svo að opinberar fjárveitingar til stjórnslu á sviði íþróttamála nýtist sem best“.

ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDAN

ADRIR STYRKTARAÐILAR

Skipan íþróttahéraða

Með breyttum áherslum í íþróttastarfi, eflingu sársambanda ÍSÍ, betri tengingu félaga við sársamböndin, bættra samgangna, auðveldun upplýsingastreymis og fleiri samskiptaleiða hefur vægi íþróttahéraða breyst. Á Íslandi eru 28 íþróttahéruð sem er mikill fjöldi sé tekið tillit til fjölda landsmanna, stærð landsins og sé miðað við fjölda íþróttahéraða hjá nágroñnum okkar á Norður-löndum. Á sama tíma og þetta hefur gerst hefur orðið erfiðara að fá fólk til starfa á sjálfboðaliðagrundvelli. Vegna ofangreindra atriða og umræðna um málið sem urðu á formannafundi ÍSÍ í apríl 1999, var ákveðið að setja á stofn vinnuhóp sem taka átti út stöðuna varðandi skipan íþróttahéraða. Vinnuhópurinn skoðar m.a. hvort að vilji sé til og mögulegt sé að fækka íþróttahéruðum þar sem það á við í dreifðum byggðum landsins og reyna þannig að ná fram hagræðingu og betri nýtingu á fjármagni og starfskröftum. Niðurstöðu í málinu er vart að vanta fyrir en að tveimur til þremur árum liðnum en afar nauðsynlegt er að þessi mál séu skoðuð með opnum huga. Í framhald-



inu er jafnframt eðlilegt að íþróttahreyfingin skoði hvort að auka megi hagræði með fækkun félaga, sameiningu keppnisliða í eldri flokkum en áframhaldandi rekstri í yngri flokkum,

o.s.frv., allt með það að markmiði að auka skilvirkni og hagræði í íþróttastarfi á Íslandi.

Hagræðing í fyrirtækjum íþróttahreyfingarinnar



ÍSÍ hafði forgöngu um gerð úttekta á samruna eða samrekstri Íslenskra getrauna og Íslenskrar getspár. Niðurstaðan af þeirri úttekt gaf vísbendingar um að um verulegt rekstrarhagræði gæti orðið að ræða fyrir bæði fyrirtækjin. Í framhaldinu unnu stjórnir Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna að skoðun á málinu og niðurstaðan var sú að gerður var

samstarfssamningur milli Íslenskra getrauna og Íslenskrar getspár um að Íslensk getpsá reki Íslenskar gettraunir samkvæmt samningi þar að lútandi. Það er von og vissa forystumanna fyrirtækjanna að þetta samstarf komi til með að skila fyrirtækjunum svo og eigendum þeirra, auknu framlagi á erfiðum spilamarkaði. Stjórnir fyrirtækjanna munu áfram starfa samkvæmt lögum þannig að áfram verða fyrirtækin rekin sem sjálfstæðar einingar með aðskilið bókhald.

Íþróttahreyfingin þarf að snúa bókum saman og standa vörð um þessi tvö fyrirtæki sín. Íslensk getspá hefur hafið markaðsátak til að efla lottóleiki. Íslenskar gettraunir bjóða upp á góða fjárflyunarkosti fyrir öll íþróttafélög.



Saman geta þessi fyrirtæki tvö, með öflugum stuðningi íþróttafélaga í landinu, myndað sterkan bakhjarl við íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu hér eftir sem hingað til.

Vetrarólympíuleikarnir í Nagano 1998



Átta íslenskir keppendur tóku þátt í 18. Vetrarólympíuleikunum sem fram fóru í Nagano í febrúar 1998. 2400 íþróttamenn frá 72 löndum tóku þátt í leikunum, sem voru þeir umfangsmestu sem haldnir hafa verið. Keppt var í 7 greinum vetrariþróttá en keppnisgreinar voru alls 68. Íslensku keppendurnir kepptu allir í alpagreinum skíðaiþróttá og árangur var misjafn eins og alþjóð er kunnugt. Víst er að margir voru óánægðir með árangurinn, ekki síst keppendurnir sjálfir. Hins vegar verður seint áréttað nægilega hve mikilvæg reynsla slíkt stórmót er fyrir þátttakendurna. Með þátttöku okkar í Vetrarólympíuleikunum í Nagano gerði framkvæmdastjórn ÍSÍ



Íslenskir þátttakendur á Vetrarólympíuleikunum í Nagano.

stefnubreytingu varðandi þátttöku í Ólympíuleikum en tekið var tillit til þátttökulágmarka sem ákveðin voru af Alþjóða

Skíðasambandinu. Fararstjóri á Vetrarólympíuleikunum var Kristján Vilhelmsón og er honum þökkúð sérlega góð störf.

Vetrarleikar

Ólympíudagar Evrópuæskunnar 1999



Íslensku þátttakendurnir í Vetrarleikum Ólympíudaga Evrópuæskunnar 1999.

Vetrarleikar Ólympíudaga Evrópuæskunnar 1999 voru haldnir í Tatry fjöllunum í Slóvakíu 6.–12. mars. Ólympíudagarnir eru að mörgu leyti eins og smækkuð

sjávarmáli. Alls tóku 14 keppendur þátt í leikunum af Íslands hálfu þ.e. 8 í alpagreinum og 6 í skíðagöngu.

Almennt má segja að árangur í alpa-



Ólympíudagar Evrópuæskunnar sumarleikar



Íslensku þátttakendurnir í Sumarleikum Ólympíudaga Evrópuæskunnar 1999 í Esbjerg.



5. sumarleikar Ólympíudaga Evrópuæskunnar fóru fram í Esbjerg, Danmörku 11.–15. júlí 1999. Þeir mörkuðu tímamót þar sem í

fyrsta sinn áttu öll 48 aðildarríki Evrópusambands ólympíunefnda (EOC) keppendur. Af Íslands hálfu var keppt í badminton, fimleikum stúlkna, frjálssíþróttum, júdó, knattspyrnu pílta og sundi. Aðrar íþróttir á leikunum voru; blak pílta, handknattleikur stúlkna, hjólríðar pílta, körfuknattleikur pílta og tennis. Sökum þess hversu mikil þátttaka var í leikunum var hverju landi einungis heimilt að senda eitt lið til keppni í flokkaíþróttum og að þessu sinni var ÍSÍ boðið að senda lið pílta í knattspyrnu. Íslensku keppendurnir á leikunum voru 33, en að meðtöldum fararstjórum, flokksstjórum, lækni, hjúkrunarfræðingi og dómurum svo og fulltrúum ÍSÍ voru þátttakendur Íslands alls 48.

Íþróttamennirnir voru sjálfum sér og

þjóð sinni til sóma innan vallar sem utan og til fyrirmyndar í allri framkomu. Árangur íþróttafólksins var þökkalegur og þó að ekki hafi unnist til verðlauna þá voru mörg persónuleg met slegin.

Fánaberi við setningarathöfn leikanna var Tryggvi Bjarnason og við lokaathöfnina Ingvar Þór Kale, báðir leikmenn piltaliðsins í knattspyrnu. Fararstjóri var Ágúst Ásgeirsson.


Samvinna við KHÍ

Ágætis samstarf hefur tekist á milli ÍSÍ og Kennaraháskóla Íslands og þá sérstaklega Íþróttaskorar um hin ýmsu mál. Tekið hefur verið upp samstarf um hluta námskeiðahalds og það einnig í samvinnu við Íþróttakennarafélag Íslands. ÍSÍ og KHÍ hafa staðið sameiginlega að ráðstefnum og nú í upphafi árs var gengið til samstarfs við KHÍ um sameiginlegt íþróttabókasafn með aðsetur á Laugarvatni. Munu bókasafnsfræðingar KHÍ fara í gegnum allt bókasafn ÍSÍ, skrá það og setja í þar til gerða gagnagrunna á



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

þeirra vegum. ÍSÍ mun áfram vera með fastímarit um íþróttalæknisfræði og sjúkráþjálfun á sínum snærum. ÍSÍ mun styrkja uppbyggingu íþróttabókasafns KHÍ um 150.000 kr. á ári næstu þrjú árin.



Smáþjóðaleikar 1999

Áttundu Smáþjóðaleikarnir voru haldnir í Liechtenstein 24.–29. maí s.l.

Keppendur á Smáþjóðaleikunum voru frá Íslandi, Andorra, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Mónakó, Mólту og San Marínó. En allar þessar þjóðir eru með íbúatölu undir einni milljón. Keppt var í blaki, borðtennis, frjálsum, júdó, skotfimi, skvassi, sundi og tennis. Alls voru um 1000 keppendur á leikunum þar af 83 keppendur frá Íslandi.

Framkvæmd leikanna var til fyrirmyndar bæði hvað varðar almennan aðbúnað þátttakenda svo og keppni. Þrátt fyrir „smá“ hitaskúra var veðrið

mjög gott og því fór öll keppni fram samkvæmt áætlun.

Íslendingar hafa ávallt verið sigursælir á Smáþjóðaleikum og þessir leikar voru engin undantekning eins og sjá má á eftirfarandi yfirliti.

| | Gull | Silfur | Brons |
|---------------|------|--------|-------|
| Ísland | 29 | 20 | 24 |
| Luxemborg | 20 | 16 | 19 |
| Kýpur | 14 | 13 | 15 |
| San Marínó | 6 | 5 | 7 |
| Andorra | 5 | 12 | 11 |
| Mónakó | 5 | 9 | 6 |
| Malta | 4 | 8 | 8 |
| Liechtenstein | 3 | 3 | 2 |



Verðlaunaskipting hjá Íslandi á milli greina var eftirfarandi:

| | Gull | Silfur | Brons |
|------------|------|--------|-------|
| Sund | 17 | 13 | 14 |
| Frjálsar | 7 | 6 | 5 |
| Júdó | 4 | | 2 |
| Skotfimi | 1 | | |
| Borðtennis | | 1 | 1 |
| Tennis | | | 1 |
| Blak karla | | | 1 |



Sydney 2000



Íslensku þátttakendurnir á Sumarólympíuleikunum í Atlanta, ganga inn á Ólympíuleikvanginn.



Undirbúningur fyrir 27. Sumarólympíuleikana sem haldnir verða í Sydney í Ástralíu 15. september - 1. október nk. er kominn vel á veg. ÍSÍ kynnti, í byrjun ársins, Ólympíuhóp Íslands sem telur rúmlega 30 íþróttamenn úr 7 íþróttgreinum. Á vor-mánuðum verður væntanlega ljóst, að mestu leyti, hverjir verða þátttakendur Íslands á leikunum. Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákvað í byrjun árs 1999, í samráði við sér-sambönd ÍSÍ, hver lágmark á Ólympíuleikana skyldu vera. Sú stefnubreyting var gerð að lágmark ÍSÍ miðast við lágmark Alpjóða-sambanda í viðkomandi íþróttgrein nema hjá Sundsambandi Íslands en þar eru lágmark á milli A- og B-lágmarka Alpjóða Sundsambandsins (FINA). Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákvað jafnframt að aðalfararstjóri á Ólympíuleikunum í Sydney verði Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ.

Vetrarleikar Ólympíudaga Evrópuæskunnar 2001



Vetrarleikar Ólympíudaga Evrópuæskunnar 2001 verða haldnir í Vuokatti í Finnlandi 10.-16. mars á næsta ári. ÍSÍ býst við að senda þátttakendur í alpagreinum og norrænum greinum skíðaíþrótt. Þátttaka í leikum sem þessum er afar mikilvæg fyrir ungt og efnilegt skíðafólk.



Sumarleikar

Ólympíudaga Evrópuæskunnar 2001



Sumarleikar Ólympíudaga Evrópuæskunnar verða haldnir 14.-20. júlí 2001 í bænum Murcia á Suður-Spáni. Keppt verður í fjölmörgum íþróttagreinum en mótshaldari býður þátttökuþjóðum takmarkaða þátttöku í ýmsum greinum. ÍSÍ gerir ráð fyrir að senda 50-80 íþrótta menn til Murcia.



Drengjalandslið í knattspyrnu sem tók þátt í Sumarleikum í Esbjerg 1999

Smáþjóðaleikar

í San Marino 2001



Frá Smáþjóðaleikum á Íslandi.



9. Smáþjóðaleikarnir verða haldnir í San Marino 3.-10. júní 2001. Á leikunum verður keppt í hjólreiðum, skotfimi, júdó, tennis, boule, frjálsum, borðtennis, sundi, blaki og körfuknattleik. Á Smáþjóðaleikum hefur íslenskt íþróttafólk reynst sigursælt og þessi vettvangur hefur verið til upplýfingar fyrir íþróttafólkið.

Formannafundur ÍSÍ



Frá Formannafundi ÍSÍ vorið 1999.

Frá sameiningunni hafa verið haldnir þrjú formannafundir hjá ÍSÍ. Samkvæmt nýjum lögum ÍSÍ er formannafundur ÍSÍ ráðgefandi samkoma og hafa breytt vægi frá sambandsstjórnarfundum ÍSÍ áður fyrr. Engu að síður eru formannafundir ÍSÍ afar mikilvægur vettvangur fyrir forystumenn íþróttahreyfingarinnar til að hittast og skiptast á skoðunum. Þeir formannafundir sem haldnir hafa verið gefa tilefni til þess að svo muni verða áfram.

Íþróttanefndir ÍSÍ



Dans.



Taekwondo.



Skvass.



Kurling.



Skylmingar.



Bogfimi.

